



DEILISKIPULAGSTILLAGA

GREINARGERÐ

Forsendur

Samþykkt var í Borgarstjórn Reykjavíkur 4. september 2018 að fela umhverfis- og skipulagssviði að útfæra Laugaveg og Bankastræti sem göngugötur allt árið, ásamt þeim götum í Kvósinni sem koma til greina sem göngugötur. Jafnframt verði sviðinu falin að útfæra endurhönnun umraðna göngusvæða m.t.t. Öryggis og wellíðanar gangandi vegfarenda og vandaðrar borgarhönnunar. Algild hönnun með aðgengi fyrir alla verði höfð að leiðarljósi við útfærslu í samráði við notendur og fjölmörg hagsmunasamtök fátæðs fólks. Enn fremur verði sviðinu falin að útfæra skilvirka og örugga vörulösn á göngugötum í samráði við verkefnastjóra miðborgar og hagsmunaáðila.

Í lok árs 2014 var haldin hönnunarsamkeppni á vegum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Félag Íslenskra Landslagsarkitekta (FLA) um endurgerð á yfirborði Laugavegar milli Snorrabrautar og að Skólavörðustíg/ Bankastræti. Samkeppnin var lokað og voru sjö hönnunarteymi valin til þátttöku.

Tillaga Arkís, Landhönnunar og Verkis var valin vinningsstillinga í samkeppninni og þótti tillagan sjna góða og sannfærandi útfærslu, þar sem efnisval var gott og hugmyndir vel útfærðar.

Samþykkt hefur verið í skipulags- og samgönguráði að vinna áfram með skipulagsvinnu og forhönnun í samræmi við þrískipta áfangaskiptingu. Deiliskipulag þetta nær fyrir 1. áfangi.

Afmörkun og núverandi aðstæður

Laugavegurinn er helsta veðunargata Reykjavíkur frá fornu fari og hefur vegna sögu og starfsemi mikið aðdráttaraf fyrir gesti og gangandi bæði innlenda og erlenda. Mikið líf hefur skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarknar á bílaumferð hafa gert gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði. Með umbreytingu og endurhönnun Laugavegar er markmiðið að glæða götuna enn meira lífi með því að veita gangandi og hjólandi vegfarendum aukin rými í götum frá því sem nú er.

Í dag er lítið samræmi á heildar yfirborði göttunnar og umhverfi hennar. Laugavegurinn ber þess merki að vera unnin af mörgum hönnuðum á mismunandi tímum svo ákveðinn heildarblæ skortir. Með yfirhuguðum endurbótum á Laugaveginum gefst nú tækifæri til að skapa nýtt heildaryfirborð göttunnar.

Undanfarin ár hefur borgin verið með ákveðið tilraunaverkefni á nokkrum götum í miðbænum, með tímabundnum göngugötum (sumargötum) og hefur útfærslan verið með ýmsu móti. Síðustu sumur hefur göngugötumabilið verið frá 1. maí til 1. október.

Götur hafa verið lokaðar fyrir allri almennri bílaumferð á tímabilinu. Við göngusvæðin eru bílahús, bæði Bergstaðir og Traðarkot, alls 328 stæði. Einnig eru bílahús í Kolaportinu og Hafnartorgi, alls 1266 stæði. Á svæðinu eru 21 bílastæði í götu í dag.

Fyrsti áfangi í því að útbúa göngugötur allt árið er Laugavegur frá Ingólfsstræti að Klapparstíg, Skólavörðustígur frá Bergstaðastræti að Laugavegi og Végamótastígur frá Laugavegi að Grettisgötu.

Laugavegur hefur stefnu vestnorðvestur-austsuðaustur og skín söl þvi beint niður Laugaveg um kl. 9 að morgni og upp götuna um kl. 21 að kvöldi þegar dagstengd dugur til. Sudurlíuti göturmysins er því skuggast nema við gatnamót og þar sem húsasund hleypa birtu inn í göturými. Norðurhlidinn er hins vegar bjartari og þar eru víða góð skilyrði til að setja út borð og stóla.

Halla Laugavegar innan skipulagsáfangans er vægur til vestrar.

Samræmi við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins er Laugavegur skilgreindur sem *Aðrar götur*. Á upprættinum eru þær skýrðar út með eftirfarandi hætti: *Aðrar götur* en stofn- og tengibrautir. Hér undir eru safngötur, húsgötur, vistgötur og göngugötur.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er Laugavegur enn fremur skilgreindur sem *Borgargata*, slíkar götur eru lykligðturnar í hverju hverfi. Lögð er áhersla á að bæta umhverfi göttunnar, skapa heildstæða götuumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Skipulag viðkomandi gatna verði mótað frekar í hverfisskipulagi eða skilgreint sem sérstakt skipulagsverkefni. Við hönnun og skipulag gatnanna verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerð umhverfi.

Árið 2018 var lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi og góturými í borginni. Breytingartillagan fól einkum í sér endurbætur á nágildandi markmiðum aðalskipulags, þ.e. skerpingu á almennum markmiðum um göngugötur, ákveðnari skilgreiningar og kröfur um hvernig skuli staðið að framkvæmdinni, einkum þegar um varanlega lokun gatna er að ræða. Tillagan þar heitið „Markmið um göngugötur“, og var staðfest í janúar 2019.

Í breytingartillögu þá voru lögð til eftirfarandi markmið og ákvaði:

- Unnið verði markvisst að endurhönnun almenningsrýma og góturýma í borginni í þeim tilgangi að efla mannlíf og bæta borgarbrag, sbr. eldri verkefni s.s. *Torg í bíldstöðu* og *Sumargötur*. Þær götur sem skilgreindar eru sem *Aðrar götur* á þéttbýlisupprætti má skilgreina sem göngugötur, varanlegar eða árstíðabundnar, sbr. ákvaði hér að neðan. Áhersla verður á gerð göngugatna í miðborginni á næstu árum (sjá einnig Miðborgarstefnu, um torg og götur miðborgar).
- Götur sem er varanlega lokað fyrir bílaumferð og gerðar að göngugötum árið um kring, skal tilgreina í deiliskipulagi. Settar verði verkisreglur, samþykktar á skipulags- og samgönguráði, um framkvæmd árstíðabundinnar lokunar gatna fyrir bílaumferð.

Aðliggjandi deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulagur sex aðliggjandi svæði sem er breytt svo að ekki verði skörun á skipulagsmörkuðum á milli skipulagsvæða. Breytingarnar felast eingöngu í því að mörkuðum hvers deiliskipulags er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkuðum. Deiliskipulag fyrir eftirfarandi svæði hefur verið breytt og var auglýst samhliða þessu deiliskipulagi:

- Deiliskipulag staðgr. 1.171.0, Laugavegur, Bankastræti, Ingólfsstræti, Hverfisgata og Smeðjustígur, dags. 06.03.2003, síðast breytt 07.09.2012. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðamark.
- Deiliskipulag staðgr. 1.171.1., Hjálmalindarreitir, dags. 13.04.2004, síðast breytt 10.11.2017. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðamark.
- Deiliskipulag staðgr. 1.171.2, Skólavörðustígur, Bergstaðastræti, Halveigarstígur, Ingólfsstræti og Bankastræti. Dags 08.10.2002, síðast breytt 23.08.2019. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðamark.
- Deiliskipulag staðgr. 1.171.3. Dags. 15.05.2015, síðast breytt 30.04.2015. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðamark.

- Deiliskipulag staðgr. 1.171.4, Laugavegur, Bergstaðastræti, Skólavörðustígur og Végamótastígur, dags. 08.10.2002, síðast breytt 19.03.2015. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðamark.
- Deiliskipulag staðgr. 1.171.5, Laugavegur, Vegamótastígur, Grettisgata, Klapparstígur, dags. 27.06.2002, síðast breytt 19.06.2019. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðamark.

Minjar

Í dag er skipulagsvæðið allt með föstu yfirborði og því engar minjar sjálegar á svæðinu.

Minnt er á 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, Forleifar í hættu, en þar segir:

„Hver sá sem verður var við að forleifar liggja undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. Ef fyrirsjáandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannlíkum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og ljáa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekar rannsóknar er þarf, hvort gerskull tillögu um frjálsýningu eða hvort forleifarner megi víkja og þá með hvaða skilmáðum. Öheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrir en ákveður Minjastofnun Íslands liggur fyrir. Stofnunin skal hafa samráð við Umhverfisstofnun þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja.“

Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

„Finnist forminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjóvar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og óðanda en þeir fá vitneskju um fundinn. Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæmd vettvangskönnun umsýsluáust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort veri megi fram halda og með hvaða skilmáðum. Öheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Samráð

Víðtækt samráðsferli hefur þegar átt sér stað við hagsmunaáðila, enda matkast hagsmunir margra við Laugaveg og því hefur verið leitað eftir að fá hugmyndir og gefa hagsmunaáðilum tækifæri til að koma með ábendingar og hugmyndir að því hvernig best sé að standa að yfirhuguðum varanlegum breytingum. Nú þegar hefur verið rætt við samtök kaupmanna (miðborgin okkar og Miðbæjarfélagið) og Öryrkjabandalagið (ÖB) og Vegumótastígurinn (Vegmótastígurinn og Klapparstígurinn) um hagsmunarferlið.

Dagana 28. janúar til 3. febrúar 2019 var efnt til opinis samráðs um göngugötur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Gestum og hagsmunaáðilum gafst tækifæri á sköðu útfærslur, teikningar og ræða við sérfræðinga um málið. Á samráðið mættu um það bil 200 manns en vettvangurinn var opin frá kl. 12-18 daglega en 28. janúar var óskert fundur fyrir rekstraraðila og 30. janúar var haldinn fundur fyrir íbúa, ferðajónustuaðila og fátæða.

Eftirfarandi eru samráðs- og umsagnararfarir: Skipulagsstofnun, Samtökin Miðborgin Okkar, Miðbæjarfélagið, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafn Reykjavíkur, OR/Veitur, Öryrkjabandalagið, Stökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og Lögrégla.

LAUGAVEGUR GÖNGUGATA, 1 ÁFANGI

SKÝRINGARMYNDIR

Þessi myndir sýna hvernig götumyndin gæti lítið út. Ekki endanleg hönnun né útfærslur.



Deiliskipulag

Deiliskipulagið felur í sér að hluti Laugavegs, Skólavörðustigs og Vegamótastigs verði gerður að varanlegum göngugötum. Samhliða er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Má þar nefna aðgangsstyrkingar, kantalaust yfirborð, bætt aðgengi, leiðarlínur og aðgengi inn í verslanir, dválarsvæði og götugögn, lýsing og fjölgun bílastæða fyrir hreyfihamlaða í aðliggjandi hliðargötum.

Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, hellur (götugólf), gróður, götugögn og götulytingu, um er að ræða allt göturými innan skipulagsmarka, utan gildandi lóðamarka, þ.m.t. gangstéttar.

Við hönnun göturmysins skal það hafi í huga að niðurröðun trjáa, ljóstaðla og götugagna hindri ekki gott flæði gangandi umferðar, umferðar vegna neyðarakturs og aðfanga og stórra hópa sem fara um göturýmið t.d. í stórum höppögnum. Hönnun göngugöttunnar verður listræn og notendaven. Allt yfirborð og götugögn skulu valin af kostgæfni og þannig að öryggisflutningu og notendaven. Við hönnun götugögn skulu valin af kostgæfni og þannig að öryggisflutningu og notendaven. Við hönnun götugögn skulu valin af kostgæfni og þannig að öryggisflutningu og notendaven. Við hönnun götugögn skulu valin af kostgæfni og þannig að öryggisflutningu og notendaven.

Aðgengi og bílastæði

Með lokun fyrir bíla og önnur farartæki innan skipulagsvæðisins verður bílaumferð áfram eins og verið hefur með sumarlokunum um aðliggjandi götur. Hægt verður að aka þvert yfir Laugaveg til norðurs um Bergstaðastræti / Smeðjustíg og til suðurs um Klapparstíg (utan skipulagsmarka).

Almennt er gert ráð fyrir að lagt verði í bílastæðahúsin sem eru næst göngugötunni, það er Traðarkot og Bergstaði í einningu eru Stjórnport og Vitotorg ekki langt frá. Samtals eru 742 stæði í bílastæðahúsum í grenni. Bílastæðum fyrir hreyfihamlaða verður fjölgað í hliðargötum við göngugötuna.

Sýnt hefur verið fram á með þessari breytingu má skapa betra veðunarmhverfi og koma til móts við nýjar áskoranir í verslun þar sem upplifun og þjónusta er stór þáttur. Með breytingunum eykst einnig öryggi gangandi vegfarenda og aðgengi fyrir alla verður stórléga beturbætt.

Göngugata

Foratæki á hjólum

Ekki er gert ráð fyrir farartækjum á hjólum á göngugötunni nema þau sem hreyfihamlaðir þurfa að nýta sér s.s. hjólstoðlar. Undantekning frá því verður tímabundin heimild daglega á morgnana til að koma aðgangandi að verslunar- og veitingarýmum sem og neyðaraktur skal vera mögulegt á öllum tímum.

Hljóðvist

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum hljóðvistarögerðum í almenningsríminu enda mun hljóðvist batna með lokun fyrir almenna bílaumferð.

Lausnir fyrir hæðarmenn

Viða er ingangar í verslunarslausrir á jörðhæð ekki í hæð við götugólf. Við hönnun göngugöttunnar verður þar sem aðstæður leyfa leitað við að leysa þann hæðarmun þannig að það verði eðlilegur hluti að heildarlausn gátuyfirborðsins, t.d. með rúmpum, setköntum og gróðurstöllum.

Gróður


Í göngugöttunni verði komið fyrir götturjám á völdum stöðum. Við niðurröðun trjáa skal hafi í huga að þau trufli ekki gott flæði almenningsrýmið, hvort heldur sem er á venjulegum degi eða þegar viðburðir leiða fjölmenni um götuna, svo sem höppögur. Göttur geta verið hluti af bílagærunni ofanvatslausnir og jafnvel gróðursett í regnbönd með undirgróðri. Við tegundavali skal horft til þeirra trjégunda sem rennst hafa vel og samná sig sem krónutré í almenningsríminu. Ekki skal binda tegundavali við eina tegund t.d. vegna hættu á áföllum vegna plöntusjúkdöma eða náttúrulegra skaðvalda. Einnig skal stuðla að árstíðabundnum fjölbreytilega í lit- og laufskrúði. Niðurröðun trjáa á skipulagsupprætti er leiðbeinandi og því ekki bindandi.

Blágrænar ofanvatslausnir

Blágrænar ofanvatslausnir í göturými miðast við að létta álag á fráveitkerfi og skila ofanvatni niður í jarðvegslög og nýlast t.d. trjám og gróðri. Gatan hefur á þessum kafla vægan lengdaráhalla til vestrar og liggur því vel við að brotlina í þversniði göttunnar myndi vatnsrennu sem getur verið gegngæp en skili yfirborðsvatni regulega í regnbönd við götturé. Við hæðarstærtingu yfirborðs skal það hafi í huga að yfirborðsvatni geti við úfyrrisáhrif flóðastaðeður átt lítið niður hliðargötur og áfram í átt að Bankastræti.

Umhverfisáhrif

Deiliskipulagið felur ekki undir lög um lög um umhverfismat áætлана (105/2006). Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga (123/2010).



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS 2010-2030

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS / GÖNGUGATA
- BYGGINGAR
- LÓÐIR
- ÞVERUN BÍLAUMFERÐAR
- TRÉ OG GRÓÐUR / EKKI BINDANDI STAÐSETNING



Að breyta götum á svæðinu í göngugötur og færa þar með umferð akandi og bílastæði frá götunum er talið hafa margvísleg jákvæð umhverfisáhrif. Göngugötur eru á áfangastaðum borga sem flestir heimsækja til þess að dvelja á og eykur það mannlíf allan sólarhringinn og bætur upplifun. Göngugötur efla samskipti og auka lífsgæði borgaríúa en reynslan hefur sýnt að búar borga vilja göngugötu í miðborgum og að verslun hefur aukist við göngusvæðinguna.

Endurnýjun yfirborðs, hellur eða götugólf, götturé, götugögn og götulyting er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfið og ásynnd þess því heildaryfirborð svæðisins styrkir og göttunnar verða meira aðalaðandi. Þegar áktsurleiðir eru fjartagðar eykst rými gangandi til muna á götunni auk þess sem mögulegt er að bæta aðgengi inn í hús þar sem það á við.

Talið er að öryggi vegfarenda sem um svæðið fara mun aukast til muna við það að akandi umferð færist af götunum. Af sömu ástæðu er talið að loftgæði muni batna mikið á götunum auk þess sem hljóðvist verður mun betri en fyrir er.

Helstu neikvæð umhverfisáhrif þess að breyta götunum í göngugötur eru mögulega að aðgengi að verslun og þjónustu beint frá bíl verður verra þar sem aðens lengra verður í bílastæði en nú er. Þó eru fá bílastæði við göttunnar fyrir og bílastæðahúsin eru að hámarki 350 m frá verslun og þjónustu.

Þá eru neikvæð umhverfisáhrif á framkvæmdatima vegna þess rasks og ónæðis sem þá verður. Við framkvæmdir og uppbyggingu á svæðinu er hætt á svifrýsmengun og uppblástri þar sem jarðvegur er óvarinn. Gripa þarf til viðeigandi mótvegðisáðgerða á byggingartima til að koma í veg fyrir svifrýsmengun frá framkvæmdarsvæðum.

Ekki er talið að þessi neikvæð umhverfisáhrif séu veruleg og eru jákvæð áhrif mun meiri eins og komið hefur fram hér að ofan.

Ekki er talið að uppbygging skv. deiliskipulagi hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif og frekar er talið að yfirhuguðu uppbygging og aðgerðir hafi jákvæð umhverfisáhrif fyrir búna, atvinnustarfssemi og þá sem sækja miðborg Reykjavíkurheim.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvaði 41. gr skipulagslaga nr 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 2019 og í _____ þann _____ 2019. Tillagan var auglýst frá _____ 2019 með athugasemdafrest til _____ 2019. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2020.

06.12.2019 Breytt eftir auglýsingu - hönnunarmarkmið uppfærð

REYKJAVÍK-LAUGAVEGUR SEM GÖNGUGATA 1. ÁFANGI

DEILISKIPULAG

KVARÐI-A1:	1:500	TEIKN NR:	
DAGS:	20.09.2019	HANNAD:	ÞR/ÓI
FLOKKUR:	0000-REYKIA	TEIKNAD:	HN/ÓI
SKRÁ:	19126-GM DWG	VERKNR:	19126



Reykjavík, 17. nóv. 2019

Skipulags- og umhverfissvið
Bt. Skipulagsfulltrúa Björns Axelssonar
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Málefni: Laugavegur sem göngugata, 1. áfangi

Fagna ber öllum hugmyndum borgaryfirvalda er lúta að lausnum til endurbóta á götum borgarinnar í þessu tilfalli Laugavegarins og nánasta umhverfi hans s.s. með endurnýjun á yfirborð, gróðri, lýsingu og endurhönnun og bótum á götugögnum. Í greinagerð með auglýstri deiliskipulagsbreytingu um 1. áfanga þar sem á að breyta neðsta hluta Laugavegs í göngugötu kemur ýmislegt fram sem þarfnast nánari skoðunar.

Borgaryfirvöld hafa á undanförunum árum reynt að spyrna við fótum gegn markaðsöflunum til þess að halda í verslun á Laugaveginum með setningu kvóta á veitingastaði og nú síðast á hótélrekstur, hvoru tveggja með ófyrirséðum afleiðingum fyrir fasteignaeigendur. Slíkir kvótar þjóna síst frjálsum markaði, þar sem fáir útvaldir sitja að kvótanum og geta hækkað verð í skjóli kvótans. Allt að einu, þá er vitnað til þess í framangreindri greinagerð að Laugavegurinn sé helsta verslunargata Reykjavíkur, nokkuð sem þarfnast nánari skilgreiningar, en hún hefur þróast úr því að vera verslunargata út í mikla veitingahúsa, hótél og „djammgötu“ þvert á markmið borgaryfirvalda.

Borgaryfirvöld þurfa í þessu sambandi nauðsynlega að spyrja sig spurningarinnar; Hvað gerir verslunargötu að verslunargötu? Hið augljósa er, að verslunargata er þar sem margar verslanir þyrpast saman og aðdráttaraflið felst í þeim fjölda verslana, þar sem viðskiptavinurinn getur sinnt öllum helstu verslunarpörfunum sínum á einum og sama staðnum. Aðdráttaraflið felst þannig í miklum fjölda verslana og fjölbreytninni, nokkuð sem menn uppgötvuðu og úr því urðu til verslunarmiðstöðvar. Þessum eiginleika hefur Laugavegurinn glatað.

Í fyrrnefndri greinagerð er vitnað í verslunargötuna Laugaveg og því haldið fram að mikið líf hafi myndast á Laugaveginum og það tengt lokun götunnar fyrir bílaumferð, sem undirritaður vill leyfa sér að fullyrða að það hafi ekkert með lokun götunnar að gera heldur eigi sér skýringar í hinum mikla fjölda ferðamanna sem við höfum notið góðs af eftir hrun og hafa í raun bjargað Laugaveginum sem verslunargötu. Lífið á Laugaveginum hefur þannig ekki skapast vegna lokun gatna, heldur af ferðamönnum sem sækja þangað, enda hefur gatan verið vel kynnt í gegnum ferðamannabransann gagnvart ferðamanninum sem „Aðal verslunargata Reykjavíkur“.

Í greinagerðinni er gagnert vitnað til þess að glæða götuna meira lífi, efla mannlíf, en ekki er minnst orði á hvernig eigi að styrkja götuna sem verslunargötu. Markmiðin virðast þannig ekkert sérstaklega snúast um að auka verslun við götuna heldur glæða hana lífi. Kallað er eftir því að borgaryfirvöld komi út úr skápnum og svara spurningunni um það hvernig þau ætla að ná markmiðum sínum um að glæða götuna lífi og í hvaða tilgangi. Er það með því að efla verslun þar sem verslanir eru aðdráttaraflið, eða er það einfaldlega með því að gera götuna fallettri þar sem gatan sjálf, barir og veitingastaðir með tilheyrandi mannlífi er aðdráttaraflið, eða ...? Eitt hlýtur að vera alveg ljóst að markmiðum um aukna verslun verður ekki náð með því einu að breyta yfirborði og umhverfi Laugavegarins, loka götunni og þyngja þannig aðgengi að verslunum á henni. Heilt yfir virðist tilgangurinn með lokun Laugavegarins vera að breyta honum í „Park eða Lystigarð“ með fallettum trjám, í fallettu umhverfi með frábærum aðstæðum fyrir gangandi og hjólandi innan um fullt af húsum.

Í greinagerðinni er því haldið fram að viðtækt samráðsferli hafi átt sér stað við hagsmunaaðila og veltir undirritaður fyrir sér í hverju það samráðferli hefur falist. Aldrei hefur undirritaður verið spurður um eitt, eða neitt um fyrirhugaða lokun götunnar, eða t.d. hvort lokanir götunnar á sumrin hafi haft einhver áhrif á rekstur í húsnæðinu. Það skýtur því skökku við, svo ekki sé meira sagt, að viðtækt samráðsferli hafi átt sér stað, sem hljómar eins og ómur úr tómri tunnu frekar en staðhæfing um raunveruleikann. Í greinagerðinni er því jafnframt haldið fram „að sýnt hafi verið fram á, að með breytingu á götunni í göngugötu, megi skapa betra verslunarumhverfi og koma til móts við nýjar áskoranir í verslun“. Undirritaður kallar eftir þeim rannsóknum á Laugaveginum, sem sýna fram á að lokun götunnar muni auka verslun í henni. Umsagnir kaupmanna við götuna eru a.m.k. í hrópandi ósamræmi við staðhæfingar um að lokun götunnar muni auka verslun þar sem kaupmenn segja að fyrstu núll (=0 kr. í tekjur) dagarnir yfir árið komi einmitt þegar götunni er lokað. Eins og áður hefur verið bent á liggur þannig engan veginn ljóst fyrir hvort markmið borgaryfirvalda sé að auka verslun við götuna, eða hvort það sé frekar að gera Laugavegin að einhvers konar útivistarsvæði.

Auk fjölda verslana á einum stað, þá er gott aðgengi að verslunum annað lykilatriði fyrir öflugri verslun. Þó svo að fallett umhverfi geti vissulega hjálpað sem aðdráttarafl, þá má leiða að því líkum að nýtt gólfefni á Kringlunni, uppsetning pálmatrjáa þar innandyrna og því um líkt muni ekki hafa afgerandi áhrif á veltuaukningu verslana þar. Aftur á móti má gera sér í hugarlund hvað gerðist fyrir verslunina í Kringlunni, eða öllu heldur hver veltubreytingin yrði í verslunum þar, ef bílastæðinu við Kringluna yrði breytt í útivistarsvæði fyrir gangandi og hjólandi og menn þyrftu að leggja í þokkalegri fjarlægð frá Kringlunni til þess að versla þar.

Yfirlýsingar borgaryfirvalda um aukið og auðvelt aðgengi að Laugaveginum hljóma þannig jafn innantómar og einhliða yfirlýst samráð að hálfu borgarinnar. Aðgengi að Laugaveginum hefur þvert á móti kerfisbundið verið heft á undanförunum árum með lokun götunnar, fækkun bílastæða m.a. með því að taka þau undir blómaker, bekki og ónýtt hjólastæði, aðgerðir sem þjóna engum öðrum tilgangi en að takmarka og hreinlega hindra aðgengi að götunni. Eftir sem áður halda borgaryfirvöld hins vegar hinu gangstæða fram, sem vekur hreinlega upp spurninguna um, fyrir hverja eru borgaryfirvöld eiginlega að vinna og hvaðan koma þessar hugmyndir ?

Aðgengi er nokkuð sem borgaryfirvöld virðast hreinlega ekki átta sig á, nema í orði og þá aðeins fyrir brot af viðskiptavinunum, þar sem því er haldið fram að aðgengi verði aukið þ.e.a.s. fyrir gangandi og hjólandi. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá er aðalsamgöngumáti íslendinga ennþá einkabílinn, þannig verður að gera ráð fyrir að þorri þeirra sem heimsækja Laugavegin komi á bíl, en ekki í strætó, eða á hjóli, eða gangandi. Til stuðnings máli sínu vitna borgaryfirvöld í Reykjavík til reynslu af göngugötum erlendis frá, en virðast alveg gleyma því að þar eru neðanjarðarlestarkerfi sem dæla viðskiptavinum verslana inn í miðbæinn hindrunarlaust. Hér erum við hins vegar með strætó sem engin notar og þar með þurfum við að stóla á einkabílinn þar til annar virkur samgöngumáti hefur tekið völdin, eða stendur til boða. Þar til sú verður raunin höfnum við alfarið lokun götunnar.

Vegna fyrirhugaðra breytinga, hvort sem götunni verður lokað eða ekki, þá viljum við koma eftirfarandi hugmyndum á framfæri:

- 1) Þar sem lokun Laugavegar getur haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir eigendur og rekstaraðila við götuna, þá er það skýlaus krafa að okkar hálfu að gerð verði rannsókn á áhrifum lokunar götunnar áður en til hennar kemur, en ekki hlaupið ábyrgðarlaust af stað með draumaórakenndar hugmyndir um „fallegri og skemmtilegri“ Laugaveg í tilraunaskyni, sem valda síðan hagsmunaaðilum við götuna hugsanlega gríðarlegum fjárhagslegum skaða og/eða leiða til gjaldþrots eins og nýleg dæmi sanna. Verði þessi háttur hafður á og leiði hann til skaða, áskiljum við okkur rétt til skaðabóta úr hendi borgarinnar. Minnt er á að allt er þetta að gerast á sama tíma og fasteignagjöld hafa gengdarlaust verið hækkuð og þrengt verulega að rekstaraðilum.

- 2) Verði Laugaveginum einhver tímann lokað og þar til almennilegar samgöngur verða í boði, þá þurfa að vera stór ódýr bílastæði við báða enda götunnar og strætó sem hægt er að hoppa um borð og gengur frítt á milli þeirra. Þannig væri tryggt að viðskiptavinum verði dælt inn á götuna.
- 3) Önnur leið væri Metró sem gengi frá Keflavík niður á Lækjartorg. Fjöllin á Íslandi eru eins og Svissneskur ostur, útboruð, án þess að hagkvæmnissjónarmið hafi verið hindrun fyrir þeim framkvæmum. Því hlýtur að vera eðlilegt að spyrja hvers vegna það sé ekki hægt að bora fyrir Metró (neðanjarðarlest í þéttbýli) þar sem fjöldinn er?
- 4) Aðgengi fyrir alla, ekki bara suma, þ.m.t. eldri borgara, sem eiga erfitt með gang en vilja margir hverjir skreppa í bæinn en veigra sér við því þar sem hvergi er hægt að fá bílastæði nálægt verslunum.
- 5) Sveigjanleg lausn um yfirbyggingu yfir Laugavegin, sem væri hægt er að opna og loka eftir veðri og vindum myndi gefa götunni mikið gildi.
- 6) Götugögn; Til stendur að endurnýja á götugögn. Árið 2011 sótti Laugaverk ehf. um leyfi skipulags- og byggingaryfirvalda í Reykjavík um að fá að byggja sorpgeymslu, svokallaða djúpgáma undir gangstétt fyrir framan Laugaveg 20 – 20a og var hugmyndin kynnt fjölda embættismanna og ýmsum kjörnum fulltrúum. Upphaflega var mjög vel tekið í hugmyndina sbr. meðf. bréf frá 21. sept. 2011 og hún skoðuð með opnum huga af Gatnadeild Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur ofl. Undantekningalaust hefur þessi hugmynd hins vegar ekki fengið brautargengi hjá skipulags- og byggingarsviði/umhverfissviði, þó svo að á henni hafa verið gerðar ýmsar breytingar til þess að þóknast borgaryfirvöldum, m.a. var opnunin færð alveg upp að húsvegg og lúgur að ofanverðu fjarlægðar, þannig að ofanjarðar voru engin ummerki önnur en ramminn í gangstéttinni sem kemur upp úr jörðinni. Þó svo að skipulagsyfirvöld hafi séð ljósið nýlega, þar sem nú hafa djúpgámar verið samþykktir á fjölmörgum stöðum um borgina, þá finnst okkur alveg ótrúlegt að þetta hafi ekki verið leyft, þar sem um er að ræða framsækna hugmynd, sem auðveldar mjög sorplosun. Framsett lausn gerði það að verkum að ekki þarf að rjúfa framhlið húsa og búa þar með til innskot fyrir djúpgámanna, heldur yrði framhliðin þá órofin og mun fallegra fyrir vikið. Víða er plássleysi á Laugaveginum og þar sem þessi einkalausn virðist ekki eiga upp á pallborðið hjá borginni, þá leggjum við til að stórir neðanjarðagámar á vegum Reykjavíkurborgar verði settir niður á vel völdum stöðum á Laugaveginum sem verða aðgengilegir fyrir fyrirtæki með aðgangskortum.

Við styðjum eindregið fallegra og betri Laugaveg en hörmum hins vegar óðagotskenndar lokanir götunnar sem virðast byggja á vanhugsaðri draumsýn sem á sér ekki stoð í raunveruleikanum.

Virðingarfyllt,

Fh. Laugaverks ehf.,

Guðlaugur Ö. Þorsteinsson



This document was created with the Win2PDF "print to PDF" printer available at <http://www.win2pdf.com>

This version of Win2PDF 10 is for evaluation and non-commercial use only.

This page will not be added after purchasing Win2PDF.

<http://www.win2pdf.com/purchase/>



Umhverfis- og skipulagsvið
Reykjavíkurborgar
b.t. Helenu Stefánsdóttur,
skrifstofu skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2019

**Efni: Athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi
fyrir 1. áfanga Laugavegar sem göngugötu**

Til skipulagsráðs, skipulagsfulltrúa og annarra hlutaðeigandi

Vísað er til tveggja samþykpta, annars vegar á fundi skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, 25. september sl., og hins vegar á fundi borgarstjórnar 4. september 2018, þar sem kveðið var á um að hluta Laugavegar, Skólavörðustígs og Vegamótastígs yrði lokað varanlega fyrir bílaumferð, en Miðbæjarfélagið í Reykjavík fer þess á leit við borgaryfirvöld að fallið verði frá öllum áformum um lokun gatna í miðbæ Reykjavíkur.

Forsaga málsins

Frá árinu 2011 hefur tilteknum götum í miðbæ Reykjavíkur verið lokað fyrir umferð bíla, þar með talið er Bankastræti, neðsti hluti Skólavörðustígs og Laugavegur upp að Vatnsstíg (en sumarið 2019 upp að Klapparstíg, samhliða því sem aksturstefnu á Laugavegi milli Frakkastígs og Klapparstígs var snúið við, án þess þó að sú ákvörðun væri rökstudd sérstaklega). Áður höfðu verið gerðar ýmsar tilraunir með að loka Laugavegi á laugardögum af og til og það jafnan án þess að kaupmönnum götunnar væri tilkynnt um áður. Þá hefur götunni ítrekað verið lokað á öðrum tímum, svo sem í tengslum í tilteknar hátíðir og eins í aðdraganda jóla. Í öll skiptin hefur gætt mikillar óánægju kaupmanna á svæðinu vegna umræddra lokana.

Fyrir liggur að mikill meirihluti fasteignaeigenda og kaupmanna við Bankastræti, Laugaveg og Skólavörðustíg er andvígur hugmyndum um lokun götnanna (sjá nánari umfjöllun um það hér að aftan). Þeir telja lokun gatnanna skaða atvinnurekstur sinn enda hefur íslenskum viðskiptavinum fækkað hratt í miðbænum frá því að lokanir borgaryfirvalda hófust.

Síðustu helgi fyrir jólin 2011 var Laugavegi lokað báða dagana og aftur frá klukkan 12:00 á Þorláksmessu sem hafði í för með sér mikið fjártjón á stærsta verslunardegi ársins. Í

kjölfar þessa tóku kaupmenn og stórir fasteignaeigendur við götuna sig saman og skrifuðu undir mótmælaskjal gegn öllum frekari fyrirætlunum um lokun Laugavegar fyrir bílaumferð sem afhent var borgarstjóra í marsmánuði 2012. Undir mótmælaskjalið skrifuðu samtals 48 fasteignaeigendur og rekstraraðilar við götuna. Í kjölfarið voru stofnuð Samtök kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg, sem síðar voru víkkuð út og fengu nýtt nafn: Miðbæjarfélagið í Reykjavík. Þessi félagasamtök hafa átt ótal fundi með fulltrúum borgaryfirvalda þar sem stundum hefur verið heitið samráði en lítið orðið um efndir.

Í apríl 2015 var aftur hafist handa við að safna undirskriftum gegn fyrirhugaðri lokun götunnar og söfnuðust þá 78 undirskriftir. Þeir sem hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta af rekstri við umræddar götur og hafa fjárfest við þær eru að meginstefnu til andsnúnir lokunum. Af hálfu borgaryfirvalda var þess þá heitið að tekið yrði fullt tillit til andstöðu kaupmanna, en mótmælin höfðu þó engin áhrif.

Kaupmenn hafa langflestir merkt mikinn samdrátt í verslun vegna framangreindra lokana. Ekki aðeins þann tíma sem lokun hefur staðið yfir heldur virðast langtímaáhrifin vera þau að viðskiptavinir „afvenjist“ götunni og komi í kjölfarið mun sjaldnar í bæinn. Lokanir hafa einnig haft áhrif upp eftir götunni, þ.e. út fyrir þann kafla sem lokað er og hafa margir kaupmenn utan lokaða kaflans kvartað undan samdrætti í verslun þegar lokað er – auk þess sem greina má að verslun við Íslendinga sé almennt að dragast saman og það mjög hratt.

Borgaryfirvöld höfðu gefið rekstraraðilum og eigendum atvinnuhúsnæðis fyrirheit um að göturnar yrðu opnaðar á nýjan leik 1. október sl. en ekki var staðið við þau orð heldur skyndilega ákveðið að loka varanlega.

Miðbær Reykjavíkur er að okkar mati einstakur. Hann á að vera þungamiðja starfsemi og sem slíkur dregur að hann að sér mikla umferð. Til þess að miðbærinn geti verið samkeppnishæfur við verslunarmiðstöðvar hérlendis þarf hann að vera aðgengilegur fyrir fólk sem kemur þangað akandi. Hinn almenni Íslendingar gerir mun meiri kröfur um aðgengi einkabifreiða en gerist og gengur í miðborgum erlendis. Veðurfar hér á landi setur líka strik í reikninginn. Einnig er brýnt að huga að þörfum aldraðra, fatlaðra og annarra sem eiga erfitt með gang. Markmið borgarvalda um umfangsmiklar lokanir gatna í miðbænum geta ekki skilað árangri nema að almenningssamgöngur verði stórbættar og bílastæðum í útjöðrum svæðisins fjölgað að miklum munum. Hvorugt hefur komið til tals hjá ráðamönnum. Þvert á móti hefur stæðum verið fækkað stórkostlega og þjónusta strætisvagna skert, en til stendur að aðalskiptistöð vagnanna verði í framtíðinni fjarri miðbænum, eða nánar tiltekið í Umferðarmiðstöðinni í Vatnsmýri.

Meðalhófsregla stjórnarsýslulaga brotin

Ef takast á að efla verslun í miðbænum með göngugötum þurfa þær að njóta fulls stuðnings og samþykkis meginþorra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Ekki dugir að leita „samráðs“ þegar fullmótuð ákvörðun hefur verið tekin heldur verða hagsmunaaðilar að fá að taka þátt í að móta ákvörðun á undirbúningsstigi. Það er raunverulegt inntak orðsins samráð. Miðbæjarfélagið bendir á að Reykjavíkurborg hefur ekki við töku umræddrar ákvörðunar gætt að meðalhófsreglu, sem finna má í 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Þar segir að stjórnvald skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem að var stefnt verði ekki náð með öðru og vægara móti. Síðan segir: „Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.“ Í greinargerð með frumvarpi til stjórnarsýslulaga segir um 12. gr.:

Er stjórnvaldi því ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að, heldur ber því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra einstaklinga

og lögaðila sem athafnir stjórnvaldsins og valdbeiting beinist að. Ber stjórnvaldi að fara ákveðinn meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða.

Í 12. gr. felst í fyrsta lagi að efni íþyngjandi ákvörðunar, sem stjórnvald tekur, verður að vera til þess fallið að þjóna lögmætu markmiði sem að er stefnt. Þetta þýðir þó ekki að markmiðinu verði að ná að fullu.

Í öðru lagi felur ákvæðið í sér að ef fleiri úrræða er vöð er þjónað geta því markmiði, sem að er stefnt, skal velja það úrræði sem vægast er. Íþyngjandi ákvörðun skal þannig aðeins taka að ekki sé vöð vægara úrræðis sem þjónað geti markmiðinu.

Í þriðja lagi byggir ákvæðið á því að hóf verði að vera í beitingu þess úrræðis sem valið hefur verið og má því ekki ganga lengra en nauðsyn ber til. Stjórnvaldi er sem fyrr segir skylt að vega og meta þau andstæðu sjónarmið sem hér vegast á. Slíkt mat er ekki alltaf auðvelt, en löggjöf á einstök um sviðum og meginreglur laga geyma þó oft vísbendingar um vægi hagsmuna. Almennt verður að ganga út frá því að hagsmunir einstaklinga, sem verndar njóta í mannréttindaákvæðum stjórnar skrár eða alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, vegi þungt og þá sérstaklega hagsmunir er varða frelsi manna og friðhelgi.

Þeir hagsmunir sem hér um ræðir eru **atvinnuréttindi manna og eignarréttindi, mannréttindi** sem njóta verndar 72. og 75. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. og 13. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, og þar sem hagsmunirnir njóta verndar mannréttindaákvæða stjórnarskrár er enn brýnna en ella að meðalhófsreglan sé virt.

Borgaryfirvöld hafa í þessu efni kosið að beita allra viðurhlutamesta úrræði sem hægt er að beita, þ.e. að loka umræddum götum alfarið og varanlega fyrir bílaumferð. Ekki hefur verið höfð uppi nein **valkostagreining** í þessu sambandi eða ljáð máls á **vægari úrræðum til að ná fram settu markmiði**.

Hvað þetta snertir vill Miðbæjarfélagið benda á þá leið sem farin hefur verið á Akureyri. Þar er í gildi „samþykkt Akureyrarkaupstaðar um verklagsreglur vegna tímabundinna lokana gatna fyrir umferð vélknúinna ökutækja“, dags. 7. júní 2016. Þar kemur fram að tilgangur hennar sé að takmarka umferð vélknúinna ökutækja og auka þannig öryggi gangandi vegfarenda, efla bæjarbrag og virka hvetjandi fyrir íbúa og gesti að njóta útiveru. Þá segir enn framur að með þessu móti megi nýta miðbæjarsvæðið fyrir uppákomur sem trekkir að fólk og þar með viðskiptavinum í bæinn. Með setningu umræddrar samþykktar vildu bæjarfyrirvöld á Akureyri tryggja að vel yrði staðið að þessum málum og að „lokanir gatna fyrir umferð vélknúinna ökutækja séu í sátt við íbúa, rekstrar- og hagsmunaaðila“, eins og það er orðað í samþykktinni.

Umrædd samþykkt var sett í samráði við hagsmunaaðila í miðbæ Akureyrar og lokanir takmarkaðar við tiltekinn tíma og tiltekna daga í júní, júlí og ágúst. Með þessum hætti var unnt að ná fram markmiðum bæjaryfirvalda á Akureyri um götulokanir en **virða um leið meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga**.

Líkt og fyrr segir er ljóst að lokun Laugavegs, Skólavörðustígs og Bankastrætis hefur haft umtalsverð neikvæð áhrif á atvinnuréttindi, og þar með lífsviðurværi, kaupmanna, verslunarmanna og annarra rekstraraðila við götuna, sem sumir hverjir hafa fjárfest á svæðinu fyrir milljónatugi og hundruð milljóna í góðri trú um að gatan yrði opin fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Reykjavíkurborg bar því skylda til að gæta hófs við töku ákvörðun um lokun gatnanna. Fasteignir og atvinnurekstur margra þessara aðila eru þeirra aðaleignir. Það er atvinnureksturinn umfram allt sem skapar líf í miðborgum. Engin er miðborg án öflugrar verslunar, en Miðbæjarfélaginu hefur þótt skorta verulega á að borgaryfirvöld sýni þessum alkunnu staðreyndum skilning.

Af hálfu Miðbæjarfélagsins hafa á undanförunum árum verið lagðar til hóflegri tillögur um lokun, m.a. hugmyndir um að umræddum götum yrði einungis lokað fyrir umferð um helgar eða á blíðviðrisdögum, í samræmi við fyrirmyndir frá Akureyri sem áður

voru nefndar. Þá hafa félagsmenn ekki sett sig upp á móti lokun götunnar við sérstakar aðstæður og á hátíðardögum, s.s. 17. júní, menningarnótt og hinsegin dögum. Slíkar lokanir eru að mati félagsins hóflegar í tímalengd og vel til þess fallnar að ná sömu markmiðum og stefnt er að með ákvörðun um göngugötur, án þess þó að veða jafn harkalega að réttindum hagsmunaaðila og gert er með varanlegum lokunum gatnanna. Ljóst má vera að ákvörðun um margra mánaða lokun aðalverslunargatna miðbæjar Reykjavíkur stríðir gegn öllum sjónarmiðum um sanngirni og meðalhóf.

Rannsóknarregla stjórnsluaga brotin

Í 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er að finna rannsóknarreglu sem hljóðar svo: „Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.“ En áður en hægt er að taka stjórnvaldsákvörðun í máli verður að undirbúa málið og rannsaka með það að markmiði að afla nauðsynlegra upplýsinga um málsatvik. Í rannsóknarreglunni felst m.a. sú skylda stjórnvalds að sjá til þess, að eigin frumkvæði, að málsatvik séu nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Í greinargerð með frumvarpi til stjórnslulaga sagði meðal annars um 10. gr.:

Því tilfinnanlegri eða meira íþyngjandi sem stjórnvaldsákvörðun er, þeim mun strangari kröfur verður almennt að gera til stjórnvalds um að það gangi úr skugga um að upplýsingar, sem búa að baki ákvörðun, séu sannar og réttar.

Eins og áður sagði er umrædd ákvörðun verulega íþyngjandi fyrir rekstraraðila sem hafa mátt þola mikið tap vegna götulokana. Því þarf að gera enn ríkari kröfur en ella til þess að mál sé rækilega rannsakað áður en ákvörðun er tekin, en í ofanálög er gengið á stjórnarskrárvarin mannréttindi rekstraraðila og húseigenda, sbr. það sem sagði hér að framan. Rannsóknarreglan tengist mjög náið andmælarétti, en oft verður mál ekki nægjanlega upplýst nema aðila hafi verið gefinn kostur á að kynna sér gögn máls, svo og að koma að frekari upplýsing um um málsatvik, en verulega hefur skort á að andmælaréttur rekstraraðila og húseigenda við umræddar götur sé virtur. Þegar efnt var til kynningarfundar á fyrirhuguðum lokunum var í reynd aðeins verið að kynna ákvörðun sem þegar hafði verið tekin og hlutaðeigandi gefinn kostur á að lýsa skoðunum sínum á því hvar væri rétt að staðsetja bekk, blómaker og þvíumlíkt. Hér hefur því ekki verið um eiginlegt samráð að ræða og ljóst að borgaryfirvöld hafa vart kynnt sér þá víðtæku hagsmuni rekstraraðila og eigenda atvinnuhúsnæðis á svæðinu sem skerðast við lokun gatnanna.

Miðbæjarfélagið í Reykjavík fær ekki séð að borgaryfirvöld hafi með nokkru móti rannsakað áhrif umræddra lokana á verslunarrekstur við götuna. Í þessu samhengi vísar félagið til þess sem fram kemur skýrslu Bernard Engle Architects and Planners, dags. desember 1997, um stefnumörkun fyrir miðbæ Reykjavíkur. Þar segir á 33:

Algengt úrræði til umbóta í miðborgum hefur falist í því að auka umferð fótgangenda og útiloka aðra umferð. Þetta hefur ekki alltaf leitt til þess jafnvægis sem stefnt var að. Útilokun akandi umferðar frá misheppnuðum almenningsrymum er ekki alltaf sú happalausn sem ætla mætti og áætlanir um göngugötur hafa oft en ekki leitt til hnignunar í viðkomandi borgarhverfi. Líta ber á göngugötur sem eina ráðstöfun af mörgum sem kunna að glæða miðborg nýju lífi. Þau vandamál sem tengjast því að reyna að nota þessa aðferð sem heildarlausn á vanda miðborgarsvæða má víða sjá í Bandaríkjunum þar sem „dauða svæði“ eða svæði þar sem fólk forðast eru algeng í atvinnusvæðum miðborga.

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg réttlætt lokun Laugavegs fyrir bílaumferð með því að vísa til viðhorfskannanna og þá einkum til ánægju gangandi vegfarenda. Við þær kannanir er ýmislegt að athuga. Til dæmis má nefna að könnun meðal gangandi vegfarenda sem framkvæmd er á meðan lokun götunnar stendur er ómarktæk að því leytinu til að þeir sem eru óánægðir með lokunina eru eðli málsins samkvæmt ekki hluti af úrtaki slíkrar könnunar. Umfram allt telur Miðbæjarfélagið þó ótækt að viðhorfskannanir sem þessar geti verið grundvöllur ákvörðunar um lokun Laugavegs þegar réttindi kaupmanna, verslunarmanna og annarra rekstraraðila eru í húfi.

Afgerandi andstaða við lokanir gatna

Zenter rannsóknir vann skoðanakönnun fyrir Miðborgina okkar og Samtök verslunar á þjónustu fyrir á þessu ári. Þegar rýnt er í þá könnun kemur í ljós að 70% rekstraraðila við Laugaveg, Skólavörðustíg og Bankastræti sem tóku afstöðu voru andvíg lokunum gatnanna.

Sama könnun sýndi einnig að 27% íbúa á höfuðborgarsvæðinu töldu að þeir myndu koma „sjaldnar“ eða „mun sjaldnar“ í miðbæinn ef varanlegar lokanir yrðu að veruleika. Verslun Íslendinga á í vök að verjast á svæðinu og má því ekki við frekari samdrætti. Á tilteknum tíma nú á haustdögum voru 36% verslunarrýma á lokaða kafla Laugavegarins auð. Þetta er nóturleg staðreynd, en bein afleiðing af lokunarstefnu undangenginna ára.

Fyrir á þessu ári gengu undirskriftarlistar milli rekstraraðila í miðbænum þar sem fyrirhuguðum lokunum var mótmælt. Þegar listunum var skilað höfðu 238 rekstraraðilar ritað nöfn sín á þá og þeim fjölgað síðan. Um var að ræða fyrirtæki við Laugaveg, Skólavörðustíg og Bankastræti og í næsta nágrenni þessara gatna. **Hjá þessum fyrirtækjum starfa alls 1.375 manns.** Þá hafa um 2.240 viðskiptavinir skrifað undir mótmælaskjölin sömuleiðis, en listarnir lágu frammi um skeið í nokkrum verslunum.

Gullkistan, sem á sér samfellda sögu í 147 ár, er ein fjölmargra verslana sem líður fyrir götulokanir borgarstjórnar. Verslunar- og þjónustufyrirtæki sem eiga sér áratugalanga sögu eru mikilvægur þáttur í menningu borgarinnar. Nokkur rótgróin fyrirtæki í miðbænum sendu frá sér opið bréf til borgaryfirvalda fyrir skemmstu þar sem rekstrarsaga þeirra var tíunduð, en hún spannaði samtals 1.689 ár. Eigendur allra þessara fyrirtækja skrifa undir mótmælaskjölin, en um er að ræða mörg af þekktustu fyrirtækjum landsins:

Gullkistan skrautgripaverslun, Frakkastíg 10 (rétt við hornið á Laugavegi) – rekstrarsaga í 147

Penninn Eymundsson, Austurstræti 18, Laugavegi 77, Skólavörðustíg 11 – verslunarsaga í 140 ár

Verslun Guðsteins Eyjólfssonar, Laugavegi 34 – verslunarsaga í 101 ár

Brynja, Laugavegi 29 – verslunarsaga í 100 ár

Guðlaugur A. Magnússon, Skólavörðustíg 10 – verslunarsaga í 95 ár

Listvínahúsið leirkerasmíði og minjagripaverslun – rekstrarsaga í 92 ár

Efnalaugin Úðafoss, Vitastíg 13 (50 metra frá Laugavegi) – rekstrarsaga í 86 ár

Snyrtivöruverslunin Stella, Bankastræti 3 – verslunarsaga í 77 ár

Vinnufatabúðin, Laugavegi 76 – verslunarsaga í 75 ár

Dún og fiður, Laugavegi 86 – verslunarsaga í 60 ár

Gullsmíðaverslun og verkstæði Hjálmars Torfasonar, Laugavegi 71 – verslunarsaga í 60 ár

Mál og menning, Laugavegi 18 – verslunarsaga í 60 ár

Gleraugnasalan 65, Laugavegi 65 – verslunarsaga í 58 ár

Tösku og hanskabúðin, Laugavegi 103 – verslunarsaga í 58 ár

Herrahúsið, Laugavegi 47 – verslunarsaga í 54 ár (nýlega flutt í Ármúla 27)

Gullsmíðaverslun Guðbrandur J. Jezorski, Laugavegi 48 – verslunarsaga í 53 ár

Gull & Silfur skartgripaverslun og verkstæði – verslunarsaga í 48 ár

Jón og Óskar úra og skartgripaverslun, Laugavegi 61 – verslunarsaga í 48 ár
Gleraugnamiðstöðin Profil-Optik, Laugavegi 24 – verslunarsaga í 47 ár
Linsan gleraugna-verslun, Skólavörðustíg 41 – verslunarsaga í 47 ár
Gilbert úrsmiður, Laugavegi 62 – verslunarsaga í 45 ár
Dimmalimm, Laugavegi 53b – verslunarsaga í 30 ár
Gullkúnnst Helgu, Laugavegi 13 – verslunarsaga í 30 ár
Gullsmiðja og Listmunahús Ófeigs, Skólavörðustíg 5 – verslunarsaga í 27 ár
Verslunin Kós, Laugavegi 94 – verslunarsaga í 26 ár
Caruso við Lækjartorg – veitingasaga í 25 ár

Nú er mál til komið að borgaryfirvöld hlusti á þá sem staðið hafa vaktina í fyrirtækjum sínum í áratugi og hefji raunverulegt samráð um leiðir til að efla atvinnulíf og þar með mannlíf í miðbænum, því án blómlegra viðskipta er enginn miðbær.

Grafalvarleg staða

Staðan í verslun í miðbænum er grafalvarleg. Ýmis rótgróin fyrirtæki eru að hverfa á braut og fleiri að hugsa sér til hreyfings. Það er ekki hvað síst afleiðing götulokana undanfarinna ára. Fyrir rúmum tveimur árum mótmælti Miðbæjarfélagið einnig lokunum gatna og þegar rennt er yfir þá lista blasir við að fjöldi verslana er horfinn af svæðinu, þar á meðal má nefna þessi fyrirtæki: 101 Optik, Antikhúsið, Bernhard Laxdal, Boutique Bella, Bólstrun Egils, Brim, Fakó, Freebird, Herrahúsið, Hún og hún, Iglo og Indi, Jón Sigmundsson Skart-gripaverslun, Kilroy, Kúnigúnd, Litir og föndur, Lífið í upphafi, María Lovísa Design, Minja, Pipar og salt, Rakarastofan Klapparstíg, Skarhúsið og Timberland. Týna má til mun fleiri fyrirtæki. Margir þeirra sem rituðu undir mótmælaskjölin fyrir á þessu ári sjá alls engan rekstrargrundvöll í lokaðri götu og telja því eina kostinn að flytja fyrirtækin annað.

Skadleg áhrif langt út fyrir lokaða hluta

Margir kaupmenn hafa merkt mikinn samdrátt í verslun vegna framangreindra lokana. Ekki aðeins þann tíma sem lokun hefur staðið yfir heldur virðast langtímaáhrifin vera þau að viðskiptavinir venjast af því að sækja verslun og þjónustu í miðbænum. Í úra- og skartgripaverslun Jóns & Óskars er þetta sérlega áberandi til að mynda, en sú verslun er einnig staðsett í Kringlu og Smáralind. Frá 2011 hefur verslun dregist þar saman á Laugaveginum, en verslun við erlenda ferðamenn aðeins vegið upp á móti. Til samanburðar hefur verslunin aukist mjög mikið í útibúum verslunarinnar í Kringlu og Smáralind og er nú mun meiri þar en á Laugavegi. Þessi þróun hefur aðeins átt sér stað eftir að hafist var handa við lokun Laugavegar. Jón & Óskar er þó ekki við lokaðan hluta götunnar en finnur engu að síður verulega fyrir afleiðingum lokana, en þær ná langt upp fyrir þá kafla sem lokaðir hafa verið.

Vaxtabroddur í verslun á árunum 2011 hefur verið í sölu til ferðamanna, en einungis hluti verslana hefur átt þess kost að eiga í viðskiptum við þá. Á sama tíma hefur Íslendingum snarfækkað í bænum sem sést hvort tveggja í veltutölum verslana sem og fjölda bifreiða sem ekið er niður Laugaveg og Skólavörðustíg.

Miðbær Reykjavíkur er einstakur. Hann á að okkar viti að vera þungamiðja starfsemi í höfuðborginni og draga að sér mikla umferð. Til að miðbærinn geti verið samkeppnishæfur við verslunarmiðstöðvar hérlendis verður hann að vera aðgengilegur fyrir fólk sem þangað kemur akandi. Hinn almenni Íslendingur gerir meiri kröfur um aðgengi einkabifreiða en gengur og gerist í miðborgum erlendis. Jafnframt verður að hafa hugfast að veðurfar og loftslag hér á landi á sér fáar hliðstæður. Greiður aðgangur að miðbænum er einnig nauðsynlegur til að svara þörfum aldraðra, fatlaðra og annarra sem eiga erfitt með gang.

Miðbæjarfélagið leggur áherslu á að miðbærinn verði lifandi og blómlegur vettvangur viðskipta, miðstöð menningarlífs og búi jafnt íbúum sem gestkomandi þægilegt og

aðlaðandi umhverfi. Móta þarf heildstæða stefnu sem miðar að því að styðja við kaupmennsku, bæta aðstöðu smásöluverslana og fjölga þeim.

Akureyri er góð fyrirmynd

Eigi fyrirætlanir Reykjavíkurborgar um göngugötur að skila árangri verða þær að njóta trausts og samþykkis allra hagsmunaaðila. Ekki er nóg að leita samráðs þegar fullmótuð ákvörðun liggur fyrir heldur verða hagsmunaaðilar að fá tækifæri til að koma að töku ákvarðana strax á undirbúningsstigi og taka virkan þátt í framkvæmdinni ef samráðið á að vera marktækt.

Í þessu sambandi vísar Miðbæjarfélagið til fyrirkomulags þessara mála á Akureyri, sbr. verklagsreglur um lokun gatna í miðbænum sem áður var getið. Þær reglur voru samdar í fyllsta samráði við kaupmenn og aðra hagsmunaaðila og lokanir gatna eru gerðar á forsendum verslunarinnar. Kaupmenn í miðbæ Reykjavíkur eru til í umræður um slíkar takmarkaðar lokanir en þær verða að gagnast versluninni, enda eru Laugavegur, Skólavörðustígur og Bankastræti skilgreindar sem verslunargötur í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Gott aðgengi fyrir alla

Hvað sem því líður eru Bankastræti, Laugavegur og Skólavörðustígur óheppilegar sem göngugötur því þær eru umferðaræðar um miðbæinn á sama hátt og Austurstræti var þar til eystri hluta þess var lokað fyrir bílaumferð árið 1973. Miðpunktur verslunar í miðbænum var áður í Kvosinni, en lokunin varð banabiti verslunar á því svæði. Þegar götunum er lokað beinist umferðin líka inn í hliðargötur og íbúðahverfi. Þegar Skólavörðustíg er lokað við Bergstaðastræti fer umferðin inn í Þingholtin og skapar hættu inni í íbúðahverfi. Skaðleg áhrif lokana eru því mikil og margslungin.

Bolli Ófeiggsson gullsmíðameistari benti á það í nýlegri blaðagrein að þegar foreldrar hans fluttu á Skólavörðustíg fyrir rúmum aldarfjórðungi hefði nánast öll þjónusta verið í göngufæri og fjölskyldan þurfti ekki að eiga bíl. Þá mátti finna í miðbænum 11 banka, 23 gullsmíði, 25 hárgreiðslu- og rakarastofur, 28 lögfræðistofur, 16 söluturna, 6 saumastofur, 5 bakarí og 7 blómabúðir svo dæmi sé tekið. Borgaryfirvöld tala mikið um að skapa borgarumhverfi þar sem íbúar þurfa ekki að eiga bíl, en þróunin er öll í hina áttina og nú síðast hvarf pósthúsið úr miðbænum, þannig að kaupmenn geta ekki lengur farið með sendingar þangað fótgangandi. Allt helst þetta nefnilega í hendur og aðgengi þarf að vera gott fyrir alla fararmáta, gangandi, hjólandi, akandi og þá sem nýta sér strætisvagna.

Nú er mál að linni og kominn tími til að borgaryfirvöld láti af öllum fyrirætlunum um lokun gatna.

f.h. Miðbæjarfélagsins í Reykjavík

Björn Jón Bragason
lögfræðingur og stjórnarmaður í Miðbæjarfélaginu
netfang b.j.bragason@gmail.com
sími 588 5544 / 897 7040

Frá: Guðbrandur Sigurðsson <gudbrandur.sigurdsson@lrh.is>

Sent: fimmtudagur, 10. október 2019 10:04

Til: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>

Afrit: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Jóhann Karl Þórisson <johann.karl@lrh.is>; Ásgeir Þór Ásgeirsson <asgeir.thor@lrh.is>

Efni: RE: Nýtt deiliskipulag - Laugavegur sem göngugata, áfangi 1

Sæl Helena.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerir ekki athugasemdir við þetta skipulag um merktar göngugötur í áfanga 1 en leggur áherslu á að tryggja skal greiðan neyðarakstur viðbragðsaðila svo sem lögreglu, sjúkra- og slökkviliðs inná og um svæðið. Reykjavíkurborg hefur boðað til fundar nk. mánudag 14. okt. með viðbragðsaðilum til þess að fara yfir þau mál svo við væntum að verði tryggt við alla hönnun og framkvæmd á svæðinu.

Guðbrandur Sigurðsson

Aðstoðaryfirlögrelupjónn

Umferðardeild

gudbrandur.sigurdsson@lrh.is



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115

105 Reykjavík

lrh@lrh.is

4441000



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2019
Tilvísun: 201907087 / 3.4

Efni: Tillaga að deiliskipulagi Laugavegar sem göngugötu ásamt umhverfisskýrslu, Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 9. október 2019, sent Skipulagsstofnun tillögu að deiliskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana. Tillaga að deiliskipulaginu ásamt umhverfisskýrslu var samþykkt til auglýsingar í borgarstjórn 1. október 2019.

Erindinu fylgdi deiliskipulag ásamt greinargerð í mkv. 1:500, dags. 20. september 2019.

Deiliskipulagið byggir á breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem staðfest var 7. janúar 2019, miðborgin, markmið um göngugötur.

Deiliskipulagstillagan nær til Laugavegar frá Ingólfsstræti að Klapparstíg og Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti að Laugavegi og Vegamótastíg frá Laugavegi að Grettisgötu. Götur innan framangreinds svæðis verði varanlegar göngugötur sem felur í sér m.a. aðgangsstýringar, eitt yfirborð, bætt aðgengi, leiðilínur, dvalarsvæði og götugögn, lýsing og fjölgun stæða fyrir hreyfihamlaða í aðliggjandi hliðargötum.

Breyting verður gerð á aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum þar sem afmörkun nær út á miðja götu, þannig að afmörkun þeirra verði við lóðamörk.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að þau lýsi skipulagsáformum og umhverfimati tillögunnar með fullnægjandi hætti.


Unnsteinn Gíslason



Reykjavík 17. janúar 2020

Varðar: Laugavegur sem göngugata, nýtt deiliskipulag.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegin sem göngugötu, 1. áfanga, sem er í samræmi við samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur frá 4. september 2018. Í tillögunni felst að hluti Laugavegs, Skólavörðustígs og Vegamótastígs verði gerðir að varanlegum göngugötum og samhliða því er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, gróður, götugögn og lýsingu, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 20. september 2019. Tillagan var auglýst frá 14. október 2019 til og með 25. nóvember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

- 1) Guðlaugur Ö. Þorsteinsson f.h. Laugaverks ehf. dags. 17. nóvember 2019.
- 2) Björn Jón Bragason f.h. Miðbæjarfélagsins í Reykjavík, ódags.

Einnig eru lagðar fram umsagnir

- 3) Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, dags. 10. október 2019.
- 4) Skipulagsstofnun, dags. 21. nóvember 2019.

Athugasemdir og svör.

1) Guðlaugur Ö. Þorsteinsson f.h. Laugaverks ehf. dags. 17. nóvember 2019.

Komið er á framfæri nokkrum hugmyndum inn í skipulag ;

- Að gerð verði rannsókn á áhrifum lokunar götunnar áður en til hennar kemur
- Að stór ódýr bílastæði verði báða enda götunnar
- Að Metró sem gengi frá Keflavík færi niður á Lækjartorg
- Að Laugavegur verði yfirbyggður og með aðgengi fyrir alla
- Að stórir neðanjarðargámar á vegum borgarinnar verði setir niður á vel valda staða á Laugaveginum sem verða aðgengilegir fyrir fyrirtæki með aðgangskortum.

Svar: Þakkað er fyrir hugmyndirnar, en ekki er hægt að verða við því að koma þeim inn í skipulagstillögu fyrir 1. áfanga göngugötu við Laugaveg. Sumar þessara hugmynda hafa komið inn til borgarinnar á fyrri stigum td. varðandi gámanna sem er ekki hægt að útfæra. Nokkur bílastæðahús eru við göngugötuna sem nýtast vel fyrir gesti og gangandi.

2) Björn Jón Bragason f.h. Miðbæjarfélagsins í Reykjavík, ódags.

Í athugasemd er þess farið fram fh. Miðbæjarfélagsins að Reykjavíkurborg falli frá öllum áformum um lokun gatna í miðbænum. Vísað er til fyrirkomulags og verklagsreglur á Akureyri um lokun gatna þar og er Miðbæjarfélagið til í umræður um slíkar takmarkaðar lokanir. Aðrar athugasemdir eru varðandi samráð og kannanir, brot a rannsóknareglu stjórnsýslulaga, aðför að eignarheimildum rekstraraðila með gerð göngugötu á Laugavegi.

Svar: Ekki er hægt að verða við þeim tilmælum um að breyta skipulagstillögunni á þann veg sem farið er fram á, enda liggur fyrir samþykkt borgarstjórnar um varanlega lokun ákveðinna gatna í miðborginni fyrir bílaumferð sem þessi skipulagstillaga fyrir 1.áfangi f. Laugaveg er að útfæra. Síðari áfangar fara í skipulag síðar. Ekki er talið að útfærslan sem vísað er til á Akureyri henti vel.

Varðandi samráð við hagsmunaaðila Laugavegar þá var vikulangt samráð í ráðhúsinu dagana 28.janúar til 3.febrúar sem var opið milli 12-17:30 daglega. Þar var öllum borgarbúum boðið til að koma og setja sínar hugmyndir varðandi göngugötur á blað. Einnig voru sér fundir haldnir með hagsmunaaðilum en þann 28. janúar frá klukkan 18.30 – 20.00 var veitingafólki, verslunareigendur, ferðapjónustu- og vöruflutningaaðilar boðið að koma með sín sjónarmið varðandi göngugötur. Var sá fundur vel sóttur og mikil skoðanaskipti áttu sér stað. Þann 29. janúar frá klukkan 18.30 – 20.00 voru íbúum á öllum aldri, fasteignaeigendum og fólki með skerta hreyfigetu boðið að koma með sín sjónarmið varðandi göngugötur. <https://reykjavik.is/frettir/gongugatan-laugavegur-vertu-med>

Þá hafa einnig verið haldnir fundir með Miðborginni okkar og Miðbæjarfélaginu. Þann 26. mars var haldinn fundur með miðborginni okkar og miðbæjarfélaginu, og þann 29. október 2019 var haldinn rýnifundur, boðuð voru miðbæjarfélagið og miðborgin okkar, fulltrúar miðbæjarfélagsins svöruðu ekki boðinu. Verkefnisstjóri borgarhönnunar á svo reglulega fundi varðandi upplýsingagjöf um göngugötur og fyrirkomulag þeirra með miðborginni okkar.

Aðgengismál hafa verið rædd með Öryrkjabandalaginu á nokkrum fundum og með þeim gerð úttekt á aðgengismálum við Laugaveg til að sjá hvar mest þörf er sé á úrbótum, m.a. á eftirfarandi dagsetningum, 14. janúar 2019, 27. mars 2019, 15. maí 2019 (úttekt) og 14. október 2019.

Alls hafa því verið haldnir 9 fundir með hagsmunaaðilum síðastliðið ár 2019. Auk þess var opnuð vefsíða fyrir göngugötur þar sem helstu upplýsingar varðandi götuna er að finna. www.gongugotur.reykjavik.is

Auk þess má benda á að unnin var skipulagslýsing fyrir deiliskipulagið sumarið 2019 sem fór í almennt kynningarferli þar sem íbúum og hagsmunaaðilum gafst kostur á að gera ábendingar og athugasemdir. Lýsingin var kynnt frá 31. júlí 2019 til og með 21. ágúst 2019.

Áður en skipulagslýsingin fyrir deiliskipulagið var lögð fram þú var árið áður, þ.e. 2018 lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar almenn markmið um göngugötur í borginni. Breytingartillagan fól einkum í sér endurbætur á núgildandi markmiðum aðalskipulags, þ.e. skerpingu á almennum markmiðum um göngugötur, ákveðnari skilgreiningar og kröfur um hvernig skuli staðið að framkvæmdinni, einkum þegar um varanlega lokun gatna er að ræða. Tillagan bar heitið „Markmið um göngugötur“, og var staðfest í janúar 2019. Tilgangur breytingartillögu var að setja fram ákveðnari markmið um göngugötur í miðborg Reykjavíkur og í borginni í heild sinni, ásamt því að stuðla að því að settar verði verklagsreglur um framkvæmd tímabundinnar lokunar gatna, og að setja viðmið um mögulega varanlega lokun gatna fyrir bílumferð.

Varðandi þær kannanir sem vísað er til, þá er erfitt að átta sig á samhenginu eða útfærslunni. Könnun var gerð af Maskínu fyrir Reykjavíkurborg um viðhorf Reykvíkinga til göngugatna miðborgarinnar. Könnunin fór fram á netinu dagana 9 – 23. september 2019 í Þjóðgátt Maskínu. Svarendur voru 18 ára og eldri, dregnir með tilviljun úr Þjóðskrá. Svarendur voru 832 og voru

gögnin vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu (póstnúmera), 64,5% voru jákvæðir gagnvart göngugötum og 20,3% voru neikvæðir gagnvart þeim.

Jákvæðastir gagnvart göngugötum í miðborginni eru þeir sem koma að jafnaði vikulega eða oftár í miðborgina, því næst þeir sem koma að jafnaði 1 – 3 sinnum í mánuði og neikvæðastir eru þeir sem koma sjaldnar en mánaðarlega í miðborgina.

Viðhorf til göngugatna: Jákvæðir: Mannlíf, meira pláss fyrir fólk, meiri borgarbragur, skemmtilegri stemning, minni mengun, öruggara fyrir lítil börn.

Neikvæðir: Slæmt fyrir eldra fólk, erfitt fyrir hreyfihamlaða, áhyggjur af verslunum, ekki nógu gott veður, ekki hægt að rúnta, bara útlandingar/ ferðamenn sem nota göngugötur.

Meirihluti svarenda fannst göngugötusvæðið hæfilegt að stærð. Íbúar í þeim hverfum sem að jafnaði koma oftast í miðborgina eru jákvæðastir gagnvart stærð svæðisins en þeir sem sjaldnast koma neikvæðastir. 70% svarenda telja göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafa jákvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar og 15% neikvæð.

Þeir verslunareigendur sem koma að Miðbæjarfélaginu telja að með opnun göngugötu allt árið um hluta Laugavegs, Skólvröðustígs og Vitastígs sé að vera gera aðför að eignarheimildum þeirra. Hið rétta er að meginmarkmið hins nýja deiliskipulags er einmitt verið að gera betra aðgengi að þeim fasteignum sem standa að göngugötunni-og gera þannig aðgengi allra auðveldari að búðunum.

Húseigandi getur einungis átt rétt á bótum frá sveitarfélaginu ef með skipulagi hefur verið tekin ákvörðun um að tiltekið svæði skuli nýtt til almenningsþarfa, s.s. undir götu eða veg, og slíkt leiðir til þess að fasteign verður ekki nýtt eins og eðlilegt er miðað við aðstæður, m.a. hagnýtingu eigna í næsta nágrenni, sem á ekki við hér. Telji fasteignaeigandi að skipulagsákvörðun valdi tjóni á gildum eignarheimildum, reiknast bætur skv. 51. gr. og 51.gr a) skipulagslaga með þeim skilyrðum sem taldar eru upp í þeim greinum.

Miðbæjarfélagið telur að borgin hafi ekki uppfyllt rannsóknarreglu stjórnarsýsluréttarins og telur að ekki að hafa verið nægjanlegt samráð við verslunareigendur á svæðinu- Reykjavíkurborg vísar því alfarið á bug að brotið sé á rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga enda málsmeðferð við deiliskipulagð alfarið í samræmi við skipulagslög, skipulagsreglugerð og stjórnarsýslulög. Við gerð deiliskipulagsins var sett sú stefnumörkun að bæta aðgengi þeirra sem fara um svæðið. Umhverfis- og skipulagssvið hefur, í samráði við samgöngudeild, skoðað leiðir til að stýra betur nýtingu götunnar sbr. kemur fram varðandi samráð hér að framan. Vísað er á bug að brotið sé á rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga og á gr. 5.3.2.5 skipulagsreglugerðar.

3) Umsögn Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 10. október 2019.

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagið um merktar göngugötur en lögð áhersla á að tryggja skal greiðan neyðarakstur viðbragðsaðila s.s. lögreglu, sjúkra- og slökkviliðs inn á svæðið.

Svar: Eins og fram kemur í greinargerð á uppdrætti þá; ... “við hönnun göturýmisins skal það haft í huga að niðurröðun trjáa, ljósastólpa og götugagna hindri ekki gott flæði gangandi umferðar, **umferðar vegna neyðaraksturs** og aðfanga og stórra hópa sem fara um göturýmið t.d. í stórum hópögngum”.

4) Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 21 nóvember 2019.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið gögnin og telur að þau lýsi skipulagsáformum og umhverfismati tillögunnar með fullnægjandi hætti.

Niðurstaða

Ekki eru lagðar til breytingar á auglýstri skipulagstillögu í samræmi við svör skipulagsfulltrúa við innkomnum athugasemdum. Hins vegar eru lagðar til breytingar í greinargerð á nokkrum stöðum og er uppdráttur uppfæður í samræmi og breytingardagsetning sett inn.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson**